



RITSTJÓRNARPISTILL

Ágæti lesandi.

Nú kynnum við þriðja tölublað Gáttar, ársrits um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, sem gefið er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, í viðtæku samstarfi um símenntun á íslenskum vinnumarkaði, til dæmis með því að skapa vettvang fyrir umræðu um þau verkefni, viðhorf og kenningar sem efst eru á baugi hverju sinni.

Þau tvö ársrit, sem komið hafa út, hafa hlotið afar góðar viðtökur. Eintökin hafa runnið út og nú er svo komið að aðeins örfá eintök eru eftir af fyrstu og annarri Gátt. Lesendahópurinn stækkar og verður fjölbreyttari með hverju riti. Leiðtogar, kennarar, ráðgjafar, stjórnendur og síðast en ekki síst námsmenn eru í þeim hópi. Ritstjórninni er kunnugt um að ritið er notað til kennslu um kennslufræði fullorðinna víðar en á námskeiðum Kennslufræðimiðstöðvar FA, til dæmis í a.m.k. þremur háskólum á landinu og fögnum við því. Fjölmargir aðilar hafa komið að máli við okkur og lýst yfir ánægju sinni að með Gátt sé kominn sá vettvangur umræðu um nám fullorðinna og starfsmenntun á Íslandi sem lengi hefur verið beðið eftir.

Markmið ritsins er óbreytt: Að efla umræðu um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi, enn fremur að safna saman og miðla reynslu, kynna það sem efst er á baugi í fræðunum, kenningum, aðferðum, námsleiðum, gögnum, tækjum og vefsíðum.

Við stefnum að því að Gátt verði rit með fjölbreyttu úrvali greina um fræðslumál fullorðinna rit sem ætlað er viðum hópi í samfélaginu; þeim sem stjórna og vinna að fræðslumálum, þeim sem eru þátttakendur og síðast en ekki síst öllum sem hafa áhuga á að kynna sér helstu sjónarmið.

Í þessu þriðja tölublaði ritsins er viðamikil umfjöllun um fjölskrúðuga flóru í fullorðinsfræðslu. Í ritinu eru fræðilegar greinar, sólskinssögur af sjónarhóli, frásagnir af starfsemi og framvindu verkefna, skilgreiningar á hugtökum og lýsingar á ýmsum möguleikum sem í boði eru fyrir þá sem hyggja á nám.

Í ritinu að þessu sinni er kynning á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og verkefnum á hennar vegum en rauði þráðurinn í umfjölluninni er námsnálgun út frá fjölbreytileika. Í markhópnum, sem okkur er ætlað að liðsinna, gætir ýmissa grasa, þar eru bæði harðgerir runnar, litrík, innflutt blóm og viðkvæmar hálendisplöntur. Sum okkar læra best í hljóðum lestrarsölum, önnur við undirleik tónlistar af ýmsu tagi og þriðja hópnum tilheyra þeir sem er sama um hvort undirleikurinn er Ísland í bítíð, popptónlist eða Kastljósið. Sumir læra á nóttunni, aðrir á morgnana og margir hvenær og hvar sem þeir hafa tækifæri til. Þörfum flestra er hægt að mæta með margbreytilegum aðferðum og kringumstæðum. Þær eru jafn mismunandi og litirnir í regnboganum. Reynum að nálgast viðfangsefnin á breytilegan hátt, vera opin fyrir ólíkum aðferðum og tilbúin til að mæta nýjum kringumstæðum með opnum huga.

Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að Evrópa verði framgangsríkasta þekkingarhagkerfi heims með sjálfbæra þróun að leiðarljósi árið 2010. Þar eru Norðurlöndin í fararbroddi. Þau eru þekkingarsvæði þar sem möguleikarnir til að þróa mannauðinn eru miklir. Skilyrði þess að hægt sé að ná markmiðunum, sem ESB hefur sett sér, eru góð. Ísland er framarlega meðal norrænna landa, tæknin, tækifærin og markmiðin eru í okkar höndum. Sókn okkar byggist á stöðugum og öruggum framförum á færni okkar sem einstaklinga, starfsfólks og samfélagsþegna.

Ósk okkar er að Gátt verði kærkomin lesning öllum þeim sem koma að námi fullorðinna. Við hvetjum lesendur til að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar og senda okkur hugmyndir og eiga virkan þátt í því að efla fullorðinsnám og starfsmenntun á Íslandi.

Ritstjórn